

## 168 ný störf sköpuð innan Innovit-hagkerfisins Fréttatilkynning, 29. mars 2011

Í nýútkominni rannsókn á Innovit-hagkerfinu má sjá greinileg merki um öran vöxt nýrra sprotafyrirtækja á Íslandi og mikilvægi þeirra í atvinnusköpun hér á landi. Fjöldi nýrra starfa innan Innovit-hagkerfisins hefur aukist um 63% á milli ára og starfa nú alls 168 einstaklingar hjá 38 sprotafyrirtækjum. Öll eru þessi fyrirtæki komin með virkan rekstur en til viðbótar eru fjölmargir frumkvöðlar að undirbúa stofnun sinna fyrirtækja.

Velta Innovit hagkerfisins eykst einnig verulega á milli ára og fór í fyrsta sinn yfir hálfan milljarð króna árið 2010. Þá gera framkvæmdastjórar fyrirtækjanna ráð fyrir að samanlögð heildarvelta verði yfir 1100 milljónir króna á þessu ári. Áhugi fjárfesta rennir styrkum stoðum undir að þessi hraði vöxtur verði að veruleika á árinu, en samanlagt hafa einkaaðilar og fagfjárfestingarsjóðir fjárfest í Innovit hagkerfinu fyrir 972 milljónir króna.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru:

- Alls starfa **168 einstaklingar** innan Innovit-hagkerfisins í 117 stöðugildum
- Velta Innovit hagkerfisins var **535 milljónir** króna árið 2010
- Áætluð velta Innovit hagkerfisins er yfir **1,1 milljarður** króna árið 2011
- Fjárfestar hafa fjárfest fyrir **972 milljónir** króna í Innovit-hagkerfinu
- Sölutekjur fyrirtækja innan Innovit-hagkerfisins voru **312 milljónir** króna
- Fyrirtæki innan Innovit-hagkerfisins hafa fengið **282 milljónir** króna í styrki

Niðurstöður má sjá á meðfylgjandi gröfum.

Innovit-hagkerfið samanstendur af þeim fyrirtækjum sem stigið hafa sín fyrstu skref í frumkvöðlakeppninni um Gulleggið á undanförunum árum eða nýtt sér reglubundna ráðgjöf og stuðning frá Innovit, nýsköpunar- og frumkvöðlasetri.

*“Við erum afskaplega stolt af árangri þessara glæsilegu fyrirtækja innan Innovit-hagkerfisins og vil ég sérstaklega vekja athygli á því kraftmikla athafnafólki sem hefur stofnað þessi fyrirtæki og þar með skapað sjálfu sér og öðrum atvinnu. Ný störf verða ekki sköpuð af hinu opinbera með einni handbendingu eins og stundum er látið í veðri vaka, heldur af athafnasömum og dugmiklum einstaklingum með góðar viðskiptahugmyndir. Hlutverk hins opinbera er að skapa þessum einstaklingum góða umgjörð fyrir rekstur sinna fyrirtækja. Ég hef orðið var við töluverðan óróleika hjá stjórnendum nýrra fyrirtækja vegna þessa og því er það mikið áhyggjuefni að kynna þessar jákvæðu niðurstöður í skugga áframhaldandi gjaldeyrishafta og síhækkandi skatta.” - Andri Heiðar Kristinsson, stofnandi og framkvæmdastjóri Innovit*


### Um Innovit

Innovit er nýsköpunar- og frumkvöðlasetur fyrir kraftmikið og metnaðarfullt fólk með góðar viðskiptahugmyndir þar sem lögð er megináhersla á viðskiptatækifæri sem spretta úr starfi íslenskra háskóla. Innovit var stofnað af stúdentum árið 2007 og er einkarekið frumkvöðlasetur sem rekið er í almannaþágu.

Meginmarkmið Innovit er að auka þátt háskólamenntaðra einstaklinga í frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og stuðla að fjölgun sprotafyrirtækja í þekkingariðnaði. Í því skyni er lögð megináhersla á að skapa kraftmiklu og vel menntuðu fólk fyrsta flokks umgjörð til að byggja upp tengslanet, sækja sér þekkingu og öðlast reynslu í stofnun og rekstri nýrra fyrirtækja.


### Velta Innovit hagkerfisins

Á neðangreindu grafi má sjá þróun á veltu Innovit hagkerfisins frá því árið 2008 þegar Gulleggið, frumkvöðlakeppni Innovit var haldin í fyrsta sinn.




### Ný störf innan Innovit hagkerfisins

Fjöldi nýrra starfa hefur orðið til innan Innovit hagkerfisins og er gert ráð fyrir að fjöldi starfsmanna muni vaxa hratt á næstu misserum.




## Fjárfestingar og tekjur

Hér má sjá yfirlit yfir heildar fjármagn sem fyrirtækin hafa tryggt í fjárfestingu frá einkaaðilum og fagfjárfestingarsjóðum, auk sölutekna og heildarstyrkja.




## Uppruni fyrirtækja

Á neðangreindu grafi má skoða uppruna sprotafyrirtækjanna 38 sem enn eru starfandi innan Innovit hagkerfisins og tengingu þeirra við Innovit.



## Atvinnugreinaflokkun

Hér að neðan má sjá skiptingu sprotafyrirtækjanna upp í atvinnugreinar skv. skilgreiningu stofnenda sjálfra á starfsemi síns fyrirtækis.



## Menntun stofnenda

Alls eru 67 einstaklingar sem teljast til stofnenda fyrirtækja innan Innovit hagkerfisins og má hér sjá yfirlit yfir menntunarbakgrunn þeirra.

